

## Könnunarleikur

### **Markmið:**

- Að börnin fái tækifæri til að þjálfra skynfæri sín með því að setja upp í sig og handleika hluti sem þau hafa áhuga á og velja sjálf gaumgæfilega
- Að börnin fái tækifæri til að kanna hluti á margvíslegan hátt eins og t.d. að setja hluti ofan í annan hlut og hvolfa þeim svo úr aftur
- Að börnin geti fengið útrás fyrir meðfædda forvitni og notað hæfileikann til að einbeita sér
- Að gefa börnunum tækifæri til að starfa af eigin hvötum, sjálf og fyrir sig sjálf, án þess að fullorðnir stýri þeim

### **Leiðir að markmiðunum:**

- o Útbúa körfur með eins könnunarviðfangsefnum sem börnin fá hvert og eitt
- o Börnin skoða, handleika, og reyna á ýmsan hátt
- o Börnin kynnast ólíkum hlutum og efnivið
- o Leikur af eigin hvötum

Könnunarleikur fer þannig fram að safnað hefur verið saman í poka alls konar "verðlausum" hlutum, ekki leikföngum í hefðbundnum skilningi sem eru keypt út í búð. Þetta eru hlutir eins og keðjur, lykjar, dósir og lok. Eftir að innhaldi pokans hefur verið raðað á gólfið hefst leikurinn. Börnin velja sér hluti og nota þá á margan hátt. Þau fylla, tæma, setja saman, stafla, raða, draga, hrista, velja og hafna. Þau leika sér ótrufluð án fyrirmæla frá hinum fullorðna. Þau leiða leikinn sjálf og læra um leið að hægt er að gera hluti á margan máta. Enginn niðurstaða er rétt eða röng. Í leiknum örva þau skynfæri sín með því að hlusta, snerta, skoða og smakka. Einnig reyna þau á gróf- og fínhreyfingar. Tíminn sem er notaður í tiltekt er ekki síður mikilvægur en leikurinn sjálfur. Þá lærist meðal annars að tiltekt eru ákveðin verklok.